

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. janúar 2013
Tilvísun ÞÍ: 2012120862/0.2.0

Efni: Þingsályktunartillaga um skráningu upplýsinga um umgengnisforeldra.

Vísað er til tillögu til þingsályktunar þingskjal 618 — 480. mál sem birt er á vefsíðu Alþingis. Þar er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að sjá til þess að haldin verði skrá og sögulegt yfirlit yfir umgengnisforeldra, fjölda þeirra, kyn, hjúskaparstöðu og fjölda barna þeirra.

Þjóðskrá Íslands annast almannaskráningu hér á landi skv. 1. gr. laga um þjóðskrá og almannaskráningu nr. 54/1962. Í þjóðskrá er byggt á upplýsingum sem stofnuninni berast úr ýmsum áttum, bæði frá einstaklingum og opinberum aðilum. Grunnupplýsingar um einstaklinga eru færðar í þjóðskrárkerfið en ýmsar upplýsingar eru ekki skráðar í núverandi þjóðskrárkerfi þótt þær séu fyrirbyggjandi í gögnum stofnunarinnar. Upplýsingar um fjölskyldustærð og/eða fjölskyldusamsetningu eru ekki skráðar í þjóðskrá.

Þjóðskrá Íslands telur að skrá um umgengnisforeldra þar sem fram koma upplýsingar um kyn, hjúskaparstöðu og fjölda barna þeirra geti nýst samfélaginu á margvíslegan hátt. Nauðsynlegt hlýtur þó að vera að kanna gagnsemi og not slíkrar skrár í víðu samhengi, einkum með tilliti til þess hvernig skráin muni nýtast og hvort nálgast megi umræddar upplýsingar með öðrum hætti en með beinni skráningu í miðlægt kerfi. Nauðsynlegt er að skoða ítarlega hver yrði heppilegasti aðilinn til þess að halda slíka skrá og hvernig upplýsingar berist til skráarhaldarans. Jafnframt þarf að hafa í huga hvernig á að halda utan um breytingar á skrá sem þessari þ.e. hvernig þær berast skráarhaldara og hvernig þeim er miðlað. Ennfremur þarf að taka afstöðu til þess hvort haft sé eftirlit með skráningunni og þá hver hafi það eftirlitshlutverk.

Lýsir Þjóðskrá Íslands sig fúsa til samstarfs um frekari þróun mála á þessu sviði.

F.h. Þjóðskrár Íslands


Astríður Jóhannesdóttir
Lögfræðingur

Afrit:
nefndasvid@althingi.is